

Selfoss 7.8.2019

Sveitarfélagið Árborg

B. t. Bæjarráðs

Erindi okkar varðar formlega beiðni frá fulltrúum Hestamannafélagsins Sleipnis er rædd var á fundi með fulltrúum meirihlutans auk bæjarstjóra, þann 15. október síðastliðinn um úrbætur á hesthúsasvæðinu á Selfossi sem er aðalsvæði Hestamannafélagsins Sleipnis og aftur þann 6 ágúst.


Erindi okkar er í númeruðum liðum sbr. eftirfarandi upptalningu.

1. Laga aðkomuveg inn á hesthúsasvæði hestamanna á Selfossi. Annars vegar aðkomu inn að hesthúsahverfinu og tengigötuna á milli botnlanganna og hins vegar aðkomuna inn á Brávelli, vallarsvæði félagsins. Við óskum þess að sveitarfélagið láti klæða þessar tvær aðkomur eins og rætt var um á fundi okkar, um leið þarf að tryggja frárennsli af götunum.
2. Byggja upp og lagfæra núverandi reiðstíga, sér í lagi reiðstíga að norðanverðu við Brávelli og eins skábrautina á mörkum hverfisins við Dísarstaðaland. Á þeim kafla þarf að koma upp lýsingu og laga girðingu á lóðamörkum. Ástand girðingarinnar er til mikilla vansa og beinlínis hættulegt þeirri umferð sem fer um stíginn. Breyta má þessum lið með því að stækka hesthúsasvæðið samanber umsókn þess efnis frá fulltrúum Hmf. Sleipnis.
3. Koma upp malarplani fyrir hestakerrur á athafnasvæði félagsins, Samanber fyrri umræður en í samráði við fulltrúa Sleipnis.
4. Láta gera deiliskipulag af heildarsvæðinu, sér í lagi gamla hverfinu, því ekki er til deiliskipulag af því hverfi. Nauðsynlegt er, þegar verið er að endurbyggja húsin og breyta, að til sé rammi um hvað megi gera, til stuðnings þeim sem hyggja á framkvæmdir, eins ef við fáum stækkun á svæðinu til suðurs samanber aðalskipulag.
5. Tryggja í skipulagi að gerð verði undirgöng í fyllingu á vegi að nýrri brú yfir Ölfusá sem tengir útreiðarleiðir frá hverfinu að útivistarsvæði við Laugardæli í samvinnu við Golfklúbb Selfoss. Aðilar hafa haldið einn fund á þeim nótum þar sem fulltrúar beggja aðila hlakka til samstarfs um nýtingu á útivistarsvæðinu þar. Vegagerðin hefur kynnt að einnig verði líklegt að það liggi vel við að vera með undirgöng við brúna sem yrðu auka undirgöng.
6. Keyra mulningslag á mön við hringvellina á Brávöllum sem ekki hefur verið forgangspatriði en hefur staðið til lengi án þess að komið hafi til úrbóta.

Með von um jákvæðar undirtektir og sameiginlega sýn á endurbætur og þróun hesthúsahverfisins á Selfossi með lágmarks betrubótum. Undirritaðir eru ávallt tilbúnir til viðræðna við fulltrúa Sveitarfélagsins um nánari útfærslur á þessum úrbótum.



Magnús Ólason Formaður Hmf. Sleipnis



Sigurvaldi R. Hafsteinsson Stjórn Sleipnis



Steindór Guðmundsson Stjórn Sleipnis